

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 3. apríl 2024

Fyrirlesari: Pálmi Jónasson, fréttamaður

Efni: „Jónas Kristjánsson læknir, hundrað árum á undan sinni samtíð.“

Mættir: 57 skráðir, félagsmenn og nokkrir gestir.

Formaður setti fund kl. 16, minnti á næstu atburði framundan hjá félaginu, tvo fundi í maí og tvær ferðir. Hann minntist tveggja látinna lækna, Reynis Valdimarssonar og Ölmu Eirar Svavarsdóttur. Gaf hann síðan fyrirlesara orðið. Pálmi Jónasson sagði frá merkilegri ævi langafa síns, Jónasar Kristjánssonar, læknis, og byggði á bók sinni sem nýlega var gefin út á samvinnu við Náttúrulækningafélag Íslands. Jónas ákvað að verða læknir þegar hann stóð ellefu ára við dánarbeið móður sinnar, sem lést úr smitsjúkdómi sem auðveldlega hefði mátt fyrirbyggja með viðeigandi sóttvarnaraðgerðum. Þá hét hann því að gera allt sem í hans valdi stæði til þess að koma í veg fyrir að börn misstu mæður sínar fyrir handvömm. Þrátt fyrir frekari erfiðleika í æsku, föðurmíssi og upplausn fjölskyldunnar tókst honum efna þetta heit sitt og útskrifaðist með læknapróf um aldamótin 1900. Hann átti síðan farsælan og viðburðaríkan feril sem héraðslæknir. Var honum m.a. þakkað að hafa stöðvað spönsku veikina á Holtavörðuheidi. Hann átti líka pólítískan feril, sat á þingi frá 1926 og átti í hatrömmum deilum við nafna sinn frá Hriflu, m.a. kringum læknisskipun Sigvalda Kaldalóns. En þekktastur er Jónas Kristjánsson fyrir þau störf sem hann vann eftir lok venjulegrar starfsævi um sjötugt, með stofnun Náttúrulækningafélags Íslands og síðan opnun Heilsuhælisins í Hveragerði. Náttúrulækningar, heilnæmir lífnaðarhættir og gott mataræði höfðu verið hans hjartans mál alla starfsævina og hann hafði kynnt sér rekstur heilsuhæla vestan hafs og austan. Með stofnun Heilsuhælisins í Hveragerði rættist draumurinn. Jónas sjálfur var hraustmenni og fór langar gönguferðir einn til fjalla og t.d. til Reykjavíkur frá Hveragerði fram á níraðisaldur. Í fjörugum umræðum að loknum fyrirlestri kom m.a. fram að þeir nafnar, hann og Jónas frá Hriflu, hefðu sæst heilum sáttum þegar þeir voru orðnir gamlir menn og sáust þá saman í gönguferðum.

Fundi slitið 17:07